

Hveragerðisbær
Aldís Hafsteinsdóttir,
bæjarstjóri
Sunnumörk 2
810 Hveragerði



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 25. nóvember 2013
Tilvísun: UST20131000189/ksj

Lýsing. Árhólmar í Ölfusdal tillaga að deiliskipulagi

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Hveragerðisbæjar er barst 25. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu vegna tillögu að deiliskipulagi á svæði við Hengladalaá, Árhólmar í Ölfusdal. Ofangreint svæði er á náttúruminjaskrá og með hverfisvernd og þar er sýnd blanda af opinberri þjónustu og opnu svæði til sérstakra nota í gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins. Svæðið er sunnan Hengladalaár og nær yfir 4 ha.

Náttúruminjar

Svæðið Árhólmar er á svæði nr. 751 á náttúruminjaskrá. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að framkvæmdir séu áætlaðar að mestu utan svæðis á náttúruminjaskrá og hverfisverndaða svæðisins. Þar sem á svæðinu eru fjölbreytilegar náttúruminjar bendir Umhverfisstofnun á að fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur, svo og hrúður og hrúðurbreiður, 100 m² að stærð eða stærri njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er.

Helstu markmiði deiliskipulagsáætlunar

Helstu framkvæmdir sem áætlunin er að fara í á svæðinu eru tjaldsvæði meðfram bökkum Hengladalaár, ásamt litlum smáhýsum og salernishúsi, þjónustumíðstöð, bílastæði og stígar. Einnig verður aðkomu að Varmá og inngöngu í Reykjadal og Grændal breytt.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að hugað verði að heildarsvip þegar framkvæmdir eru áætlaðar á ofangreint svæði svo koma megi í veg fyrir neikvæð sjónræn áhrif. Einnig er mikilvægt að bílastæði verði ekki framkvæmd sem eitt stórt flæmi, heldur verði reynt að brjóta þau upp á einhvern hátt, svo ekki verði neikvæð sjónræn áhrif, og til að ásýnd frá Kómbum verði ekki neikvæð.

Fráveita

Ofangreint svæði sem hafin er vinna við deiliskipulagningu á er sérstætt svæði sem nýtur mikillar vinsældar útivistarfólks. Svæðið er jafnframt afar viðkvæmt. Umhverfisstofnun bendir því á mikilvægi þess að við áætlun fráveitu verði skoðaðir og bornir saman mismunandi kostir s.s. rotþró og safntankur, til að fá fram bestu lausn.

Niðurstæða

Umhverfisstofnun fagnar því að vinna eigi deiliskipulag og fara í framkvæmdir á svæðinu við Varmá og Hengladalaá. Að mati Umhverfisstofnunar er afar mikilvægt að haldið sé utanum alla starfsemi á svæðinu og að heildarsýn verði fengin með deiliskipulagi og framkvæmdum til framtíðar. Vegna verndar- og útivistargildis svæðisins er mikilvægt að vel verði hugsað fyrir fráveitu og að öllu raski á framkvæmdatíma verði haldið í algjöru lágmarki. Einnig er mikilvægt að hugað verði að sjónrænum áhrifum framkvæmda og þeim haldið í lágmarki. Þar sem um viðkvæmt náttúrumínjasvæði er að ræða er mikilvægt að við deiliskipagsvinnuna verði skoðað hve mikinn fjölda af gestum svæðið þolir á tilteknum tíma (þolmörk svæðisins).

Virðingarfyllst

Kristín S. Jónsdóttir

Kristín S Jónsdóttir

Sérfræðingur

Björn Stefánsson

Björn Stefánsson

Sérfræðingur

Skipulagsstofnun